

GJALDSKRÁ

kaldavatnsveitu Bláskógaveitu, Bláskógabyggð.

1. gr.

Gjaldskylda.

Bláskógaveita (Bláskógabyggð) innheimtir gjald fyrir lagningu heimæðar skv. 5. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004.

Jafnframt innheimtir sveitarfélagið vatnsgjald skv. 6. og 7. gr. laganna.

2. gr.

Ráðstöfun gjalda.

Tekjum sveitarfélagsins vegna heimæðargjalds vatnsveitu skal varið til vatnsveituf framkvæmda og skal gjaldið taka mið af gerð, stærð og lengd heimæða.

Vatnsgjald, ásamt öðrum tekjum vatnsveitu, skal standa undir rekstri vatnsveitunnar, þ.m.t. fjármagnskostnaði, og fyrirhuguðum stofnkostnaði samkvæmt langtímaáætlun veitunnar.

3. gr.

Heimæðargjald vatnsveitu.

Gjaldskrá fyrir sumarhús, íbúðarhús og annað húsnæði til atvinnurekstrar miðast við neðangreinda töflu og allt að 30 metra lengd heimæðar. Heimæðargjald hækkar í samræmi við aukinn sverleika og/eða lengd heimæðar. Íbúðarhús og annað húsnæði til atvinnurekstrar tengir veitan viðkomandi fasteign en varðandi sumarhús er miðað við að heimæð nái að lóðarmörkum og sumarhúsa-eigandi leggur sínar lagnir innan lóðar á sinn kostnað.

<i>Sverleiki heimæðar</i>	<i>Heimæðargjald, kr.</i>	<i>Verð kr. á metra umfram 30 m</i>
25 mm	440.773	2.003
32 mm	483.776	2.685
40 mm	528.122	3.598
50 mm	706.851	4.821
63 mm	979.647	6.458
75 mm	1.478.204	8.655
90 mm	2.015.733	11.598
110 mm	2.822.026	15.657

Heimæðargjald vatnsveitu fylgir byggingarvísitölu. Grunnvísitala er byggingarvísitala (grunnur 2021) október 2022, 109,6 stig.

Gjaldskrá fyrir lögbylí gerir ráð fyrir einu íbúðarhúsnæði.

Við sérstakar aðstæður, sem hægt er að skilgreina fyrir utan útgefna töflu þessarar greinar, er veitustjórn heimilt að semja sérstaklega um heimæðargjald.

4. gr.

Vatnsgjald.

Árlega skal greiða vatnsgjald af öllum fasteignum í sveitarfélaginu sem vatns geta notið.

Álagningarstofn gjaldsins skal vera fasteignamat viðkomandi fasteigna. Fjárhæð gjaldsins skal nema 0,3% af fasteignamati viðkomandi fasteignar, ásamt lóð.

Hámarksálagning er 62.001 kr. á sumarhús og íbúðarhús. Fyrirtæki sem tengist veitukerfi veitunnar og notar vatn til vökvunar ber skylda til að vera með miðlunartank. Lágmarksálagning vegna tengingar við vatnsveitur Bláskógaveitna er 18.613 kr.

5. gr.

Notkunargjald.

Þar sem vatn frá vatnsveitu er notað til atvinnustarfsemi eða annars en venjulegra heimilisþarfa, er heimilt að innheimta sérstakt notkunargjald til viðbótar vatnsgjaldi skv. 4. gr. Fjárhæð notkunargjalds er 35,44 kr. á rúmmetra (m³) vatns, skv. mælingu.

Notkunargjaldið tekur mið af byggingarvísitölu (grunnur 2021), grunnvísitala í október 2022 er 109,6 stig. Gjaldið skal uppfært miðað við vísitöluhækkunar fjórum sinnum á ári, í mars, júní, september og desember.

Í þeim tilvikum þegar um óvenjumikil kaup á vatni er að ræða eða vatn er keypt til sérstakrar framleiðslu er heimilt að gera sérstakt samkomulag við kaupanda um endurgjald fyrir vatnið.

6. gr.

Mælaleiga.

Þeim sem greiða skulu notkunargjald skv. 5. gr. skulu látnir í té vatnsmælur. Notandi skal leggja til aðstöðu fyrir mæli. Vatnsveita er eigandi mælanna og skal greidd fyrir þá ársleiga sem hér segir:

<i>Stærð mælis</i>	<i>Mælaleiga á ári, kr.</i>
15 mm	10.735
20 mm	10.932
25 mm	14.072
32 mm	15.757
40 mm	19.151
50 mm	23.203
80 mm	60.732

Mælaleigan tekur mið af byggingarvísitölu (grunnur 2010). Grunnvísitala októbermánaðar 2022, 175,1 stig.

7. gr.

Gjalddagar.

- Heimæðargjald:* Gjaldþagi heimæðargjalds vatnsveitu miðast við tengingu heimæðar. Gjöldin skulu greidd eða um þau samið innan 30 daga frá gjalddaga.
- Vatnsgjald:* Gjaldþagar vatnsgjalds skulu vera þeir sömu og sveitastjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

8. gr.

Greiðsluskilmálar.

Heimilt er að semja um greiðslur heimæðargjalda vatnsveitu til allt að 18 mánaða frá gjalddaga. Í slíkum tilvikum skulu allar greiðslur bera almenna bankavexti.

9. gr.

Innheimta o.fl.

Skráður eigandi fasteignar ber ábyrgð á greiðslu vatnsgjalds og heimæðargjalds en notandi, ef hann er annar en fasteignareigandi, ber ábyrgð á greiðslu notkunargjalds.

Gjöldin njóta lögveðsréttar í lóð og mannvirkjum samkvæmt lögum frá gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

Heimilt er að loka fyrir heimæðar hjá þeim sem vanrækja að greiða notkunargjald að undan-genginni skriflegri aðvörun.

Notkunargjald, ásamt áföllnum kostnaði og vöxtum er heimilt að taka fjárnámi.

10. gr.
Gildistaka.

Gjaldskrá þessi, sem öðlast þegar gildi, var samin og samþykkt af sveitarstjórn Bláskógabyggðar 9. desember 2022, með heimild í 10. gr. laga nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitarfélaga, 11. gr. reglugerðar um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 401/2005 og III. kafla vatnalaga nr. 15/1923. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 1687/2021.

Bláskógabyggð, 22. desember 2022.

Ásta Stefánsdóttir sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 6. janúar 2023